

Ár 2003 sunnudaginn 17. ágúst er háð dómþing Dómstóls HSÍ í skrifstofu Handknattleikssambands Íslands að Engjavegi 6, Reykjavík og fyrir tekið mál nr. 2/2003 af Bergþóru Sigmundsdóttur dómsformanni Dómstóls HSÍ og kveðinn upp úrskurður:

Handknattleiksdeild Fram

gegn

Handknattleiksdeild Vikings.

Enginn er mættur.

Fyrir liggur kæra handknattleiksdeilda Fram, Safamýri 26, Reykjavík, (hér eftir nefnt Fram) til Dómstóls HSÍ á ákvörðun Handknattleikssambands Íslands, Engjavegi 6, Reykjavík, (hér eftir nefnt HSÍ), dags. 7. ágúst 2003 og barst Fram þann 11. s.m., um að hafna beiðni Fram um að gefa út leikheimild til Fram fyrir leikmanninn Arnþór Eymar Kruger, kt. 230775-5329. Kæra Fram er dags. 11. ágúst 2003 og móttokin í skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 13:40, skjal nr. 1.

Fyrir liggja eftirfarandi gögn frá HSÍ: Ákvörðun HSÍ, skjal nr. 2, ljósrit af beiðni Fram og áðurnefnds leikmanns til HSÍ, dags. 16. júlí 2003, skjal nr. 3 og ljósrit af tölvupósti Handknattleiksdeilda Vikings (hér eftir nefnt Vikingur) frá 30. og 31. júlí 2003, er sent var HSÍ með skýringum í símbréfi þann 31. júlí 2003, skjal nr. 4.

#### **Málsatvik:**

Kæra handknattleiksdeilda Fram byggir á því að Arnþór Eymar hafi sagt upp samningi sínum við Viking þann 16. maí 2003. Í 2. gr. samningsins sem hann hafi gert við Viking komi fram að um viðaukasamning við leikmannasamning HSÍ A, dags. 21. ágúst 2002, sé að ræða og skuli viðaukasamningurinn skoðast sem hluti HSÍ-samningsins. Í 3. gr. viðaukasamningsins komi fram að samningurinn sé laus til endurskoðunar af beggja hálfu í maí 2003 og telji Fram því að bæði A-samningurinn og viðaukasamningurinn hafi sömu tímamörk og sé því ekki lengur í gildi. Farið er fram á að HSÍ gefi leikmanninum leikheimild yfir í Fram. Þá er þess óskað að kæran verði tekin til greina sem fyrst.

#### **Niðurstaða dómsformanns:**

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ (hér eftir nefnd dómstl.) skal dómsformaður svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. gr. geri það að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir ágallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði. Mál þetta hefur dregist vegna sumarleyfa formanns dómstólsins.

Samkvæmt dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2002, skal gera þær kröfur við málsmæðferð dómsstóls HSÍ að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars.

Samkvæmt 1. tl. 6. gr. dómstl. skal kæra vera skrifleg. Formaður handknattleiksdeildar Fram hefur ekki skrifað undir kæruna og uppfyllir hún því ekki framangreint ákvæði.

Í 2. tl. 6. gr. dómstl. er tilgreint í 9 töluliðum hvaða form og efni kæra þarf að uppfylla til þess að mál verði tekið til meðferðar hjá Dómstóli HSÍ.

Í kæru Fram er ekki vísað til þeirra lagareglna sem við eiga til stuðnings dómkröfum, sbr. 6. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., ekki er getið um kennitölu kæranda, ekki er tilgreint nákvæmlega hvern er verið að kæra, sbr. 2. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á helstu röksemendum er áfátt, sbr. 7. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á er áfátt, sbr. 8. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., engin fylgigögn fylgja kærunni, ekki er upptalið hvaða vitni kærandi mun kalla til við skýrslutöku, sbr. 9. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl.

Kæra handknattleiksdeildar Fram var ekki lögð fram í tveimur eintökum eins og áskilið er, sbr. 3. mgr. 6. gr. dómstl. Þá er framlagt skjal ekki þingmerkt.

Slíkir gallar eru því á kæru handknattleiksdeildar Fram að vísa verður málinu frá dómi.

#### Ú R S K U R D A R O R Ð:

Kæru handknattleiksdeildar Fram á synjun HSÍ á að gefa út leikheimild fyrir leikmanninn Arnþór Eymar Kruger er vísað frá dómi.



Bergþóra Sigmundsdóttir, dómstofnudómur